

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest breytingar á gjaldskrá eftirtalinna hitaveitna, frá og með 1. janúar 1986:

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 50, 30. janúar 1985.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 17,6%

Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella, nr. 133, 21. mars 1985.
Gjald samkv. 4. gr. A lið hækki um 15%
Gjald samkv. 4. gr. B lið hækki um 20%
Gjöld samkv. 7. gr. hækki um 15%

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 255, 26. júní 1985.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 16%
nema liðir B1 og B2 sem eru óbreyttir.

Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 96, 21. febrúar 1985.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 15%

Samkvæmt 25. og 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn og raforku:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, nr. 244, 21. júní 1985.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 14%

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku, nr. 353, 18. september 1985.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 14%

Íðnaðarráðuneytið, 20. desember 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðakauptúni.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengum tillögum hreppsnefndar Egilsstaðahrepps hefir verið ákveðið, að einstefnuakstur verði á Bláskógum til suðurs.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka strax gildi.

Lögreglustjórnin í Suður-Múlasýslu, 10. desember 1985.

Bogi Nilsson.